

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi á lóð nr. 1 við Holtabyggð í Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 16. ágúst 2005 breytingu á deiliskipulagi á lóð nr. 1 við Holtabyggð í Hafnarfirði. Breytingin felst í tveimur byggingarreitum sitt hvorum megin við íbúðarhúsið. Framangreind lóð stækkar um 5 m til vesturs og stækkar úr 1612,8 fm í 1812,8 fm. Breyting verður á staðsetningu bílastæða. Farið var með breytinguna samkv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 26. ágúst 2005.*

**Anna Sofia Kristjánsdóttir** arkitekt.

2. september 2005

Nr. 814

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 382, 30. mars 2005.

1. gr.

2. ml. 2. mgr. 5. gr. orðist svo: Leyfi til þessara veiða skulu bundin því skilyrði að fari hlutur bolfisks yfir 15% af heildarafla á hverju veiðitímabili, sbr 1. mgr., skal leggja gjald á viðkomandi útgerð vegna þess bolfiskafla sem umfram 15% er skv. lögum nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmarks sjávarafla.

2. gr.

Við 8. gr. reglugerðarinnar bætist ný mgr. sem orðist svo: Við veiðar í dragnót í Faxaflóa er óheimilt að nota steinastiklara (rockhoppara) á fótreiði dragnótarinnar.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 6. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 12. september 2005.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 2. september 2005.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Þórður Eyþórsson.*

24. ágúst 2005

Nr. 815

## GJALDSKRÁ

### fyrir búfjáreftilit í Austurbyggð.

1. gr.

Gjald fyrir haustskoðun sbr. 11. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl. skal miðast við tímaeiningu. Gjald á tímaeiningu, sem er ein klst., er kr. 5.000.

## 2. gr.

Eftirlitsgjald sbr. 15. og 16. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl. skal vera kr. 5.000 á tímaeiningu.

## 3. gr.

Aksturskostnaður vegna ferða eftirlitsmanna sbr. 1. og 2. gr. skal greiddur af umboðsmanni hlutaðeigandi búfjár. Kostnaður á hvern ekinn kílómetra miðast við gjald sem ákveðið er af ferðakostnaðarnefnd fjármálaráðuneytis. Virðisaukaskattur reiknast á hverja gjaldtöku skv. 1., 2. og 3. gr.

## 4. gr.

Purfi að leita dómsúrskurðar til að tryggja eftirlitsaðilum aðgang að gripahúsum sbr. 15. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl., skal hlutaðeigandi umráðamaður búfjár greiða gjald, sem nemur útlögðum kostnaði sveitarsjóðs í hverju úrskurðarmáli.

## 5. gr.

Endurskoðun gjaldskrár þessarar skal fara fram við afgreiðslu fjárhagsáætlunar sveitarsjóðs hvert ár.

## 6. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga um búfjárhald o.fl., nr. 103/2002 og tekur þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 24. ágúst 2005.*

F. h. r.

**Ólafur Friðriksson.**

*Atli Már Ingólfsson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi við Marargrund 11 í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt tillögu að breytingu á deiliskipulagi við Marargrund 11 í Garðabæ sem fengið hefur meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Í breytingunni felst að byggingarreitur stækkar til NV.

Skipulagsbreytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*F.h. Garðabæjar, 1. september 2005.*

**Bergljót S. Einarsdóttir** skipulagsfulltrúi.